



Skattafróðleikur KPMG

Janúar og febrúar 2017





Einstaklingar

Útleiga íbúðarhúsnæðis og
ferðapjónusta

Lögaðilar

Er skjól í skattaskjólum?





Einstaklingar



Hvað ber hæst hjá einstaklingum?

Skattþrepum fækkað úr 3 í 2

Breyting á útreikningi bifreiðahlunninda

Frestur skattlagningar kaupréttar

Tvö skattþrep í stað þriggja

125/2015

Tekjur manna á árinu 2017 skulu skattleggjast í tveimur skattþrepum.

Skattstofn	tekjusk.	útsvar*	samtals
0 – 10.016.488 kr.	22,5%	14,44%	36,94%
10.016.489 kr. ->	31,8%	14,44%	46,24%

Tekjur flytjast milli skattþrepa samskattaðs fólks með sama hætti og áður var milli efsta og mið skattþreps.

* Meðalútsvar. Lágmark 12,44%. Hámark 14,52%

Skattur í staðgreiðslu 2017

Mánaðarlaun	tekjusk.	útsvar	samtals
0 – 834.707 kr.	22,5%	14,44%	36,94%
834.707 kr. ->	31,8%	14,44%	46,24%

Persónuafsláttur á mánuði 52.907 kr.

Tryggingagjald 6,85%
sjómenn á fiskiskipi +0,65%

Fjársýsluskattur fjármála- og váttryggingafyrirtækja
5,5%.

Samánburður staðgreiðslu 2016 og 2017

	2016		2017
<u>Tekjuskattstofn</u>	<u>Skatt- hlutfall</u>	<u>Tekjuskattstofn</u>	<u>Skatt- hlutfall</u>
0 – 336.035 kr.	37,13%	0 – 834.707 kr.	36,94%
336.036 – 836.990 kr.	38,35%		
836.990 kr. og yfir	46,25%	834.707 kr. og yfir	46,24%

	2016		2017
Persónuafsláttur	51.920 kr.	Persónuafsláttur	52.907 kr.
Skattleysismörk	139.833 kr.	Skattleysismörk	143.224 kr.

Dæmi um áhrif breytinga

Útreikningur á staðgreiðslu einstaklinga.

Mánaðarlaun: 500.000 kr.

Skattþrep	2016	2017
1.skattþrep	124.770	184.700
2. skattþrep	62.881	0
3. skattþrep	0	0
Persónuafsláttur	<u>-51.920</u>	<u>-52.907</u>
Staðgreiðsla	135.730	131.793
Lækkun milli ára		3.937
Lækkun í %		2,90%

Dæmi um áhrif breytinga, frh.

Útreikningur á staðgreiðslu einstaklinga.

Mánaðarlaun: 1.000.000 kr.

Skattþrep	2016	2017
1.skattþrep	124.770	308.341
2. skattþrep	192.116	76.431
3. skattþrep	75.392	0
Persónuafsláttur	<u>-51.920</u>	<u>-52.907</u>
Staðgreiðsla	340.358	331.865
Lækkun milli ára		8.493
Lækkun í %		2,50%

Nýti maður kauprétt á hlutabréfum, sem hann hefur öðlast vegna starfa sinna, myndast skattskyldar launatekjur er nema mismun gangverðs og kaupverðs hlutabréfanna.

Þær launatekjur skulu ekki koma til skattlagningar fyrr en maðurinn selur hlutabréfin.

Breytingin tók gildi 1. janúar 2016 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2017.

Nýti maður utan rekstrar rétt samkvæmt breytanlegu skuldabréf til að breyta bréfinu í hlutabréf myndast skattskyldar fjármagnstekjur ef skiptigengið er lægra en markaðsgengi hlutabréfanna á skiptadegi.

Þær fjármagnstekjur skulu ekki koma til skattlagningar fyrr en maðurinn selur hlutabréfin.

Breytingin tók gildi 1. janúar 2016 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2017.

Erlendir sérfræðingar skulu aðeins greiða tekjuskatt og útsvar af 75% launa sinna fyrstu 3 ár í starfi hér á landi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Staðfesting ráðherraskipaðrar nefndar þarf að liggja fyrir til að skattafslátturinn eigi við.

Nefndin skal meta umsókn með tilliti til menntunar, sérþekkingar, reynslu og fjárhæð launa.

Frádráttur vegna fjárfestingar í félögum

79/2016

Menn eiga rétt á frádrætti frá tekjuskattsstofni og stofni til fjármagnstekjuskatts, vegna nýfjárfestinga í hlutum í hlutafélögum og einkahlutafélögum á árunum 2016, 2017 og 2018, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Frádráttur vegna fjárfestingar í félögum

79/2016

Frádráttur getur numið allt að 50% af skattstofni.

Frádrátturinn dregst fyrst frá tekjuskattsstofni og síðan frá stofni til skatts á fjármagnstekjur.

Ónýttur frádráttarréttur yfirfæririst til næsta árs, þó lengst í þrjú ár.

Ákveðin tengsl útiloka frádrátt.

Félagið þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og ýmis starfsemi fellur ekki undir ákvæðið.

Fjárfestir sem notið hefur frádráttar skal „bakfæra“ frádráttinn ef einhver eftirtalinna atvika verða innan þriggja ára frá fjárfestingu:

- Hann selur þá hluti í félaginu sem voru grundvöllur frádráttarins.
- Á komast tengsl milli fjárfestis og félags sem girt hefðu fyrir frádráttarrétt.
- Félagið eða starfsemi þess uppfylla ekki lengur sett skilyrði.

Fenginn frádráttur, að viðbættu 15% álagi, færist til tekna á því ári þegar forsenda „bakfærslu“ verður.

Við ákvörðun tekjutengda barnabóta á árinu 2017 verða hámark bóta:

205.834 kr. með fyrsta barni.

245.087 kr. með hverju barni umfram eitt.

342.939 kr. með fyrsta barni einstæðs foreldris.

351.787 kr. með hverju barni einstæðs foreldris umfram eitt.

122.879 kr. viðbót með barni yngra en 7 ára.

Barnabætur byrja að skerðast við 5.400.000 kr. tekjur hjóna, en 2.700.000 kr. tekjur einstæðs foreldris.

Framlengd var um eitt ár tímabundin hækkun vaxtabóta, skv. ákvæði XLI til bráðabirgða.

Hámark vaxtabóta er:

400.000 kr. hjá einstaklingi

500.000 kr. hjá einstæðu foreldri og

600.000 kr. hjá samsköttuðum.

Mark hreinnar eignar til skerðingar vaxtabóta hækka um 12,5% frá fyrra ári, í 4.500.000 kr. hjá einstaklingi en í 7.300.000 kr. hjá hjónum.

Úttekt séreignarsparnaðar til greiðslu inn á höfuðstól lána til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hefur verið framlengd til 30. júní 2019.

Jafnframt var hámarksfjárhæð slíkrar skattfrjálsrar úttektar hækkuð;

hjá einstaklingi úr 1,5 m.kr. í 2,25 m.kr.

hjá samsköttuðu fólki úr 2,25 m.kr. í 3,75 m.kr.

Helstu breytingar frá fyrra ári:

Breyttar fjárhæðir;

- skattfrjáls viðurgernings (árshátíð o.fl.),
- fæðishlunninda launamanns,
- fæðisfrádráttar launagreiðanda,
- frádráttar vegna fæðis barna í vistun,

Breyttar reglur um útreikning hlunninda af afnotum launþega á bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum.

Við ákvörðun á fjárhæð fullra bifreiðahlunninda skal miða við verð bifreiðar og aldur.

Bifreið í eigu launagreiðanda - keypt 2014 eða síðar.

Ársumráð slíkrar bifreiðar skulu miðast við 28% af **upphaflegu kaupverði** bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðandans eða þess sem innir hlunnindin af hendi.

Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði hennar.

Bifreið í eigu launagreiðanda – keypt 2013 eða fyrr.

Ársumráð slíkrar bifreiðar skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar eins og það er **skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03, fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun**. Bifreiðaskrár er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is.

Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af verði hennar.

Bifreið sem er ekki í eigu launagreiðanda.

Hlunnindi eru reiknuð út frá **listaverði bifreiðumboðs** á því ári þegar launagreiðandinn fékk bifreiðina til umráða. Árleg afskrift frá því tímamarki 10%, að hámarki 50%.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkar úr 10.464 kr. í 10.956.

Útvarpsgjald hækkar úr 16.400 kr. í 16.800 kr.



KPMG

Útleiga íbúðarhúsnæðis og ferðapjónustan

Hvað ber hæst

Skattlagning tekna vegna gistipjónustu og útleigu íbúðarhúsnæðis

Skammtímaleiga – 90 daga regla

Langtímaleiga – lækkun skatthlutfalls úr 14% í 10%

Veltumörk virðisaukaskatts

Virðisaukaskattsskylda erlendra ferðaskrifstofa

„AirBnB-reglurnar“

67/2016, rgl. 1277/2016

Nýjar reglur um heimagistingu tóku gildi 1. janúar 2017

Komið til móts við þá sem vilja leigja út sumarhús eða frístundaíbúð til skemmri tíma.

Einfaldari reglur

Ekki þarf að sækja um rekstrarleyfi en heimagisting er skráningarskyld.

Skráning rafræn á vefnum www.heimagisting.is.

Úthlutað skráningarnúmeri sem þarf að birtast í auglýsingum, kynningum og á vefsíðum.

Skráning endurnýjuð árlega.

Ekki atvinnustarfsemi út frá reglum um starfsleyfi.

Mikilvægar upplýsingar

Tekur eingöngu til **2 fasteigna**, lögheimilis og annarrar séreignar t.d. sumarhúss.

Tekur eingöngu til einstaklinga, **ekki lögaðila**.

Má ekki vera til lengri tíma en 30 daga í senn, **alls 90 daga** á ári.

Má ekki fara yfir **2.000.000 kr.** í tekjur (ath. aðrar tekjur hafa áhrif).

Sækja þarf um leyfi heilbrigðisnefndar í sveitarfélaginu.

Ef skilyrði eru ekki uppfyllt þá er heimildin afturkölluð og almennar reglur gilda, þ.m.t. heimild til álagningar hærri fasteignagjalda. Heimild til beitingar stjórnvaldssekta.

Atvinnurekstur eða ekki?

Er þessi gistipjónusta atvinnurekstur í skilningi skattalaga eða ekki?

Frumvarp til laga nr. 67/2016: athugasemdir með frumvarpi gefa til kynna að heimagisting telst ekki vera atvinnustarfsemi

Með lögum nr. 125/2015, þar sem frítekjumark leigutekna vegna íbúðarhúsnæðis var hækkað úr 30% í 50% kemur fram mjög skýrt í athugasemdum að frítekjumarkið tekur ekki til **gistipjónustu „sem ætíð telst til atvinnurekstrar, hvort sem um er að ræða lögaðila eða einstakling sem stundar sjálfstæða starfsemi“**

Einfalt, fljótlegt og þægilegt?

Óvissa um skattlagningu:

Skattskyld til tekjuskatts en í hvaða skattþrepi? 20% eða í 36,94% - 46,24%?

Er einhver réttur til frádráttar á móti tekjum?

Ef svo er, hvaða kostnað?

Hvað með ákvæði um bókhald og tekjuskráningu?

Form og efni reikninga? Þarf að skila rekstrarframtali?

Áfram leyfi heilbrigðisnefndar

Óvissa um álagningu fasteignaskatts

Leigutekjur af íbúðarhúsnæði - langtímaleiga

Aðeins helmingur tekna fólks, af útleigu íbúðarhúsnæðis utan rekstrar, telst til skattskyldra tekna, að því tilskildu að útleigan sé til búsetu leigutaka.

Af því leiðir að í raun nemur tekjuskattur af slíkum leigutekjum aðeins 10%.

Þetta á jafnt við um þá sem bera ótakmarkaða og takmarkaða skattskyldu.

Breytingin tók gildi 1. janúar 2016 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2017.

Forsendur

<i>85 fm. íbúð í miðbæ Reykjavíkur</i>	
Fasteignamat 2017	30.500.000
Lóðamat 2017	5.000.000
<u>Leigutekjur:</u>	
Mánaðarleiga ef íbúð er í langtímaleigu	250.000
Ársleiga	3.000.000
Meðalverð pr. dag ef íbúð er leigð á AirBnb	22.000
Meðalnýting á ári	70%
Seldar gistinætur á ári	256
Ársleiga	5.621.000

Forsendur, frh.

<u>Rekstrarkostnaður:</u>	Pr. ár	Pr. mán	Pr. skipti
Hiti	132.000	11.000	
Rafmagn	90.000	7.500	
Hússjóður	120.000	10.000	
Sjónvarp og sími	<u>180.000</u>	<u>15.000</u>	
	522.000	43.500	
Aukinn rekstrarkostn. v. skammtímaleigu	600.000	50.000	
Þrif á íbúð			9.500
Móttaka gesta			<u>4.000</u>
			13.500

Forsendur, frh.

<u>Fasteignagjöld:</u>	Langtíma- og 90 daga leiga	Atv.rekstur
Fasteignaskattur -0,2%/1,65%	61.000	503.250
Lóðarleiga - 0,2%/1% af lóðarmati	10.000	50.000
Fráveitugjald	43.275	43.275
Vatnsgjald	22.503	22.503
Sorpgjald	<u>22.000</u>	<u>22.000</u>
	158.778	641.028

Langtímaleiga allt árið

<u>Langtímaleiga</u>	<u>Allt árið</u>
Leigutekjur	3.000.000
Frítekjumark - 50%	<u>-1.500.000</u>
Tekjuskattstofn	1.500.000
20% fjármagnstekjuskattur	300.000
Ráðstöfunartekjur	2.700.000

Skammtímaleiga í 90 daga og langtímaleiga í 275 daga

		36,94% tsk.	46,24% tsk.
Leigutekjur í 90 daga		1.980.000	1.980.000
90/365 hluti af rekstrarkostnaði		-128.712	-128.712
Þrif á íbúð og móttaka ferðamanna		-405.000	-405.000
Aukinn rekstrarkostn. v. skammtímaleigu		<u>-150.000</u>	<u>-150.000</u>
Rekstrarhagnaður		1.296.288	1.296.288
36,94%/46,24% tekjuskattur		478.849	599.403
Aukinn rekstrarkostn. v. skammtímaleigu		150.000	150.000
Greiðsla fyrir þrif og móttöku		<u>405.000</u>	<u>405.000</u>
Langtímaleiga í 275 daga	2.260.274		
Frítekjumark - 50%	<u>-1.130.137</u>		
Tekjuskattstofn	1.130.137		
20% fjármagnstekjuskattur	226.027		
Ráðstöfunartekjur	2.034.247	946.151	825.597
Ráðstöfunartekjur alls		2.980.398	2.859.843

Skammtímaleiga allt árið

	36,94% tsk.	46,24% tsk.
Leigutekjur m.v. 70% nýtingu	5.621.000	5.621.000
Þar af 11% virðisaukaskattur	-557.036	-557.036
Þar af gistináttaskattur	-76.650	-76.650
Rekstrarkostnaður	-522.000	-522.000
Þrif á íbúð og móttaka ferðamanna	-1.149.750	-1.149.750
Aukinn rekstrarkostn. v. skammtímaleigu	-600.000	-600.000
Fasteignagjöld	<u>-641.028</u>	<u>-641.028</u>
Rekstrarhagnaður	2.074.536	2.074.536
36,94% tekjuskattur/46,24%	794.648	994.708
Aukinn rekstrarkostn. v. skammtímaleigu	600.000	600.000
Greiðsla fyrir þrif og móttöku	1.149.750	1.149.750
11% virðisaukaskattur	557.036	557.036
Hærri fasteignagjöld	482.250	482.250
Gistináttaskattur - 300 kr. pr. nótt	<u>76.650</u>	<u>76.650</u>
Til ráðstöfunar	1.960.666	1.760.606

Samanburður

Ráðstöfunartekjur:	36,94%	46,24%
Langtímaleiga allt árið	2.700.000	2.700.000
90 daga skammtímaleiga og 275 daga langtímaleiga	2.980.398	2.859.843
Skammtímaleiga allt árið	1.988.980	1.796.048

Samanburður, frh.

Langtímaleiga allt árið	2.700.000	2.700.000
90 daga skammtímaleiga og 275 daga langtímaleiga	<u>2.980.398</u>	<u>2.859.843</u>
Mismunur	280.398	159.843
Langtímaleiga allt árið	2.700.000	2.700.000
Skammtímaleiga allt árið	<u>1.988.980</u>	<u>1.796.048</u>
Mismunur	-711.020	-903.952

Frá og með 1. janúar 2017 hækkaði veltumark virðisaukaskattsskyldu úr 1.000.000 í 2.000.000 kr., þ.e. undanþegnir skyldu til að innheimta vsk er þeir sem selja vöru eða vsk-skylda þjónustu fyrir lægri fjárhæð á 12 mánaða tímabili frá upphafi starfsemi. Sú hækkun veltumarks tekur einnig til erlendra fyrirtækja sem selja rafrænt afhenta þjónustu til íslensks neytanda (126/2016).

Frá 1. janúar 2017 hækkaði veltumark ársskila á vsk úr 3.000.000 í 4.000.000 kr.

Brott er fallið ákvæðið:

Til skattskyldrar veltu telst þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga, jafnt innlendra sem erlendra, að því leyti sem hún varðar sölu á vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.

Erlend ferðaskrifstofa, sem **ekki hefur búsetu, fasta starfsstöð, eða umboðsmann** hér á landi, er ekki virðisaukaskattsskyld hér á landi af endursölu erlendis á ferðapakka sem hún kaupir, hvort heldur endursalan er til ferðamanns eða annarrar ferðaskrifstofu.

Sama á við um milligöngu, þ.e. þegar ferðaskrifstofa hefur eingöngu milligöngu um að koma á viðskiptum milli þjónustuveitanda, eða eftir atvikum annarrar ferðaskrifstofu, og ferðamanns um þjónustu sem ferðamaður nýtir á Íslandi.

Erlend ferðaskrifstofa, sem ekki hefur búsetu, fasta starfsstöð, eða umboðsmann hér á landi, er ekki virðisaukaskattsskyld hér á landi af milligöngunni, enda telst hún eiga sér stað erlendis.

Ferðaskrifstofa, með búsetu, fasta starfsstöð eða umboðsmann á Íslandi, er virðisaukaskattsskyld af bæði endursölu á og milligöngu um ferðapjónustu sem ferðamaður nýtir hér á landi.

Í því felst m.a. að innheimta ber virðisaukaskatt við sölu á ferðapakka til erlendar ferðaskrifstofu.

Erlendar ferðaskrifstofur fá virðisaukaskattinn ekki endurgreiddan.

Gistináttaskattur af hverri gistináttaeiningu, seldri frá og með 1. september 2017, verður 300 kr. í stað 100 kr. fram að þeim tíma.



Lögaðilar



Helstu nýmæli

Hækkun styrkja til nýsköpunarfyrirtækja

Lögfest skilgreining á fastri starfsstöð

Takmörkun vaxtagjalda - þunn eiginfjármögnun

Skil ársreikninga – „Hnappurinn“

Hámarks frádráttur frá álögðum skatti (styrkur) nýsköpunarfyrirtækja hefur verið þrefaldaður með því að hámarks kostnaður til útreiknings frádráttar hækkaði úr 100 m.kr. í 300 m.kr. og úr 150 m.kr. í 450 m.kr. ef við á aukinn frádráttur vegna keyptrar rannsóknar- / þróunarvinnu.

Tekin var upp í tekjuskattslög (3. gr. a) skilgreining á hugtakinu föst starfsstöð samkvæmt fyrirmynd í tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD.

Sérregla er um að byggingarframkvæmd myndar ekki fasta starfsstöð nema hún standi yfir lengur en í sex mánuði.

Umráð erlends fyrirtækis á netþjónum og tengdum tölvubúnaði á Íslandi vegna starfsemi sem telst til undirbúnings- eða stoðstarfsemi myndar ein og sér ekki fasta starfsstöð þess hérlandis.

Umráð erlends fyrirtækis á netþjónum og tengdum búnaði í gagnaveri getur hins vegar myndað fasta starfsstöð ef nýting búnaðarins er í annarri starfsemi fyrirtækisins en undirbúnings- eða stoðstarfsemi.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

112/2016

Lögfestar voru vissar takmarkanir á gjaldfærslu vaxta og affalla vegna lánaviðskipta milli tengdra lögaðila (57. gr. b. laga nr. 90/2003).

Takmörkunin nær til félaga sem bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, þó ekki til fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga.

Ef forsendur takmörkunar eru til staðar takmarkast gjaldfærsla vaxta og affalla við 30% af hagnaði fyrir fjármagnsliði, skatt og afskriftir (EBITDA).

Vaxtagjöld og afföll þar umfram koma ekki til frádráttar.

Takmörkunin á ekki við ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

- **Lánveitandinn ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.**
- **Ef vaxtagjöld og afföll af lánum við tengda aðila eru lægri en 100 m.kr.**
- **Ef eiginfjárhlutfall skuldara er eigi lægra en tveimur prósentustigum undir eiginfjárhlutfalli samstæðu sem hann tilheyrir.**

Lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, féllu brott þann 1. janúar 2017.

Þau halda þó gildi sínu að því er varðar framtal og álagningu 2017 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2016 og vegna endurákvarðana fyrri ára.

Niðurfelling vsk af umhverfisvænum bílum 126/2016

Framlengd var til loka árs 2017 heimild til niðurfellingar hluta virðisaukaskatts af rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðum.

Heimildin tekur nú til fleiri flokka bifreiða en áður. Við bættust hópferðabifreiðir fyrir 22 farþega og fleiri (þ.m.t. strætisvagnar).

Hámarksniðurfelling er;

- 1.440.000 kr. af rafmagns- og vetnisbifreiðum,
- 960.000 kr. af tengiltvinnbifreiðum.

Félögum, sem falla undir lög nr. 3/2006, um ársreikninga, er nú skipt í fjóra stærðarflokka; örfélög, lítil félög, meðalstór félög og stór félög.

Örfélag er félag sem á uppgjörssdegi fer ekki yfir tvö af eftirtölum viðmiðunarmörkum:

1. heildareign 20.000.000 kr.,
2. hrein velta 40.000.000 kr.,
3. meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu 3.

Í stað ársreiknings er örfélögum heimilt að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit, byggð á skattframtali félagsins.

Teljast slík yfirlit gefa glögga mynd af afkomu og efnahag félagsins.

Ekki er skylt að skoðunarmaður yfirfari slík yfirlit.

Heimild til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali í stað ársreiknings nær ekki til félaga sem:

- **teljast vera eining tengd almannahagsmunum,**
- **sæta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,**
- **teljast vera fjárfestingarfélög,**
- **teljast vera eignarhaldsfélög,**
- **nýta sér undanþáguheimildir frá beitingu kostnaðarreikningsskila.**

Hnappurinn

Ársreikningaskrá skal gera örfélögum kleift, við rafræn skil til skrárinnar, að nota innsendar upplýsingar til ríkisskattstjóra til að semja rekstraryfirlitið og efnahagsyfirlitið.

Þegar örfélag skilar skattframtali rafrænt til RSK, getur það með því að styðja á „hnappinn“ valið að lykiltölur úr skattframtalinu verði sendar ársreikningaskrá sem fullgildur ársreikningur til birtingar.

Með lögum nr. 54/2016 var orðum aukið við 2. mli. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003:

Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal fylgja undirritaður ársreikningur **með sundurliðunum og skýringum** í samræmi við ákvæði laga um bókhald eða eftir atvikum laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Orðsending RSK 8.18

RSK 1.04 skal, í öllum tilvikum, fylgja ósamandreginn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusíðu á *skattur.is*.

Ath. Ef félag er örfélag og það skilar ársreikningi til ársreikningaskrár með „Hnappnum“, þá þarf það ekki að skila hefðbundnum ársreikningi með skattframtali sínu.

Skýring RSK á orðsendingunni

„Það er semsagt verið að gefa þeim örfélögum sem smíða ársreikning með „hnappnum“ afslátt frá skilum á öðrum ársreikningi með framtalinu. Hnappsreikningurinn er þá talinn nægjanlegur (það má líta svo á að hann sé ósamandreginn ársreikningur með tilteknum skýringum eftir atvikum).“



Er skjól í skattaskjólum

Inngangur

Eignir Íslendinga á afgangssvæðum

Lagabreytingar og nýjar reglur 2009 til 2016

Næsta áfall í skattamálum hér á landi



Inngangur

Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og skuldbundið að fara að þeim reglum sem þar gilda.

Ein grunnregla EES er fjórfrelsið sem er grundvöllur innri markaðar ESB og EES:

- **Frjálsra vöruflutninga – frjáls viðskipti með vörur á innri markaði.**
- **Frjálsar farar launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga.**
- **Þjónustufrelsi – réttinum til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og fyrirtækjarekstur í öðru EES-ríki.**
- **Frjálsa fjármagnsflutninga – engin höft á flutningi fjármagns þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EES, né mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða hvar fé er notað til fjárfestinga.**

Inngangur

Lágskattasvæði er skilgreint sem ríki eða lögsagnarumdæmi þar sem tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina hefði hún verið heimilisföst hér á landi.

Ljóst er að Ísland kann að vera talið lágskattasvæði í ýmsum löndum ef tekið er mið af þessari skilgreiningu. 20% tekjuskattur lögaðila er með því lægsta sem þekkist í Evrópu.



Inngangur

Eignir Íslendinga á aflandssvæðum

Lagabreytingar og nýjar reglur 2009 til 2016

Næsta áfall í skattamálum hér á landi

Eignir í stýringu erlendis

Félög í Lúxemborg og Hollandi talin til aflandsfélaga.

**Félög í þessum ríkjum eru undanþegin afdráttarsköttum af arði og vöxtum frá dótturfélögum hér á landi sbr. tvísköttunarsamninga.
(Skattur af arði til félaga í Lúxemborg er 5%).**

Tvísköttunarsamningar við Lúxemborg og Holland hafa einkum nýst Íslendingum til að færa innlent eignarhald í félög í Hollandi og Lúxemborg. Sést á hluthafalistum félaga í Kauphöllinni í árslok 2007.

Svo virðist sem íslensk skattalög hafi gefið meira svigrúm til flutnings eigna úr landi með löglegum hætti en víða annars staðar.

Lögleg viðskipti og því engin lög brotin.

Siðferðileg viðmið og almenningssálit hafa breyst mikið frá þessum tíma.

Eignir í stýringu erlendis

Fjöldi aflandsfélaga í eigu Íslendinga fertugfaldast frá 1999 fram að hruni og eignir í stýringu íslensku bankanna í Lúxemborg 46-faldast.

Þessi aflandsvæðing íslenskra eigna er öðrum þræði „þjóðernissinnuð“ því aflandsfélögin fjárfestu í stórum stíl á Íslandi.

Áætlað að 70% eignasafns í eignastýringu íslensku bankanna í Lúxemborg hafi verið í íslenskum hlutabréfum.

Svo virðist sem stofnun íslensku bankanna í Lúxemborg á aflandsfélögum fyrir viðskiptavinum sína hafi verið talin einföld, ódýr og þægileg leið til að halda utan um eignasöfn þeirra.

Á þessum árum virðist slíkt fyrirkomulag almennt ekki hafa verið talið óviðeigandi eða ósiðlegt athæfi.

Milliverðlagning í utanríkisviðskiptum

Ólögmæt milliverðlagning í vöruviðskiptum milli ríkja er algengt form undanskota í mörgum löndum, sérstaklega þróunarlöndum.

Felst í því að innflutningsverð er skráð hærra en raunverulegt verð, eða útflutningsverð skráð of lágt. Þannig verða til tekjur erlendis sem safnast fyrir á aflandssvæðum. Löng hefð fyrir slíkum viðskiptaháttum hérlandis.

Vísbendingar eru um að dregið hafi úr slíkum undanskotum á þensluárunum þegar mörg rótgróin fyrirtæki komust í nýjar hendur og svigrúm til löglegrar skattasniðgöngu og fjármagnsflutninga til lágskattasvæða með öðrum aðferðum jókst.

Óskráðar fjármagnstilfærslur

Í gögnum Seðlabanka um utanríkisviðskipti og fjármagnsjöfnuð til 2010 er mikið misræmi sem safnast fyrir undir liðnum „skekjur og vantalið“.

Með einföldun má segja að þetta sé öflun erlends gjaldeyris umfram skráða ráðstöfun - að ekki séu til heimildir um hvert peningarnir fóru.

Þetta leyfir auðvitað alls ekki þá ályktun að mismunurinn sé óyggjandi sönnun fyrir fjármagnsflóttu.

Öflug ályktun er þó leyfileg, hafi verið um dulda fjármagnsflutninga að ræða er mjög líklegt að þeir hefðu a.m.k. að hluta til birst með þessum hætti.

Hinn möguleikinn er að hér sé að mestu leyti um stórfelldan gagnavanda að ræða, þ.e. vanskráningu, uppsafnaða gengismun gjaldmiðla, ranga verð-lagningu eignamegin o.fl. Hallast þeir sem mest hafa unnið með þessi gögn hérlandis fremur að þeirri skýringu.

Samantekt á tölulegum niðurstöðum

Þessi niðurstaða er ferfalt hærri á hvert mannsbarn en sambærilega

Tafla 1: Mat á eignastöðu á lágskattasvæðum 2015 (ma.kr.)

Uppruni / matsaðferð	Miðgildi mats
Milliverðlagning 1990-2014	150
Eignastýring í Lúxemborg 2007 / 2015	230
Óskráðar fjármagnstílfærslur	200
Samtals	580

Er skjól í skattaskjólum?

Tekjutap hins opinbera

Reynt var að leggja mat á beint tekjutap hins opinbera.

Ef tekjur og eignir á aflands- og lágskattasvæðum hefðu verið skattlagðar á Íslandi hefði ríkisbúskapurinn haft 56 ma.kr. meiri tekjur. (Auðlegðarskattur 42 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 14 ma.kr.).

Reynt að meta líklegt tap á skatttekjum hins opinbera af aflandsvæðingu til frambúðar ef ekki tekst að stemma stigu við henni.

Er skjól í skattaskjólum?

Framtaldar tekjur Íslendinga vegna aflandsfélaga

Framtaldar arðstekjur 2000-2015 frá aflandsfélögum námu 30 ma.kr.

Að auki nam söluhagnaður 10 ma.kr. og voru framtaldar tekjur því 40 ma.kr.

Vegna vanskráningar á heimilisfesti félaga eru fjárhæðir nokkuð örugglega vanáætlaðar.

Veruleg vanhöld á að aflandsfélög væru talin til eignar á skattframtölum einstaklinga.

Samtals fengu 1629 aflandsfélög íslenska kennitölu vegna banka- og hlutabréfaviðskipta.

Gögn sem skattrannsóknarstjóri keypti ná til 585 félaga. Samanburður á keyptum gögnum og skattframtölum leiddi í ljós að aðeins þriðjungur þeirra var talinn fram.



Inngangur

Eignir Íslendinga á aflandssvæðum

Lagabreytingar og nýjar reglur 2009-2016

Næsta áfall í skattamálum hér á landi

Er skjól í skattaskjólum?

Skattlagning vaxta greiddra úr landi

Vaxtatekjur sem myndast hér á landi eru skattskyldar hjá viðtakendum búsettum erlendis, öðrum en þeim sem sérstaklega eru undanþegnir skattskyldu.

Tvísköttunarsamningar geta vikið skattskyldunni til hliðar.

Greiðanda vaxta úr landi bera að halda eftir í staðgreiðslu skatti af vöxtunum, nú 10%.

Réttilega afdreginn og greiddur skattur í staðgreiðslu er fullnaðargreiðsla án þess að fram fari frekari álagning hans.

Lög þessi komu til framkvæmda 1. september 2009.

CFC – reglur (Controlled Foreign Companies)

Lög sett 2009 sem komu til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna ársins 2010.

Skattlagning íslensks eiganda eða stjórnanda hér á landi af hagnaði lögaðila heimilisföstum í lágskattaríki ef lögaðilinn er beint eða óbeint í minnst 50% íslenskri eigu eða undir íslenskum stjórnunarlegum yfirráðum.

Hagnaður skattskyldur með sambærilegum hætti og starfsemi hér á landi óháð því hvort eigandinn eða stjórnandinn hafi fengið úthlutað fé úr erlenda félaginu.

Fylla þarf út tvenns konar skýrslur, skýrsla lögaðila á lágskattasvæði (RSK 4.24) og skýrsla eiganda í lögaðila á lágskattasvæði (RSK 4.25).

Upplýsingaskiptasamningar

Upplýsingaskiptasamningar og samningar tengdir þeim hafa tekið gildi við 38 ríki:

Andorra, Anquilla, Antígva og Barbúda, Arúba, Bahamaeyjar, Barein, Bermúda, Belís, Botswana, Bresku Jómfrúareyjar, Brunei, Cayman eyjar, Cooks eyjar, Dóminíka, Gíbraltar, Grenada, Guernsey, Hollensku Antillur, Hong Kong, Jersey, Líbería, Makaó, Máritíus, Marshall eyjar, Montserrat, Mónakó, Mön, Nieu, Panama, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Samóa, San Marínó, Sankti Lúsía, Seychelles, Turks og Caicos eyjar og Úrugvæ.

Samningar við 8 ríki til viðbótar hafa verið undirritaðir en ekki enn tekið gildi:

Gvatemala, Jamaika, Kosta Ríka, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar og Vanúatú.

Er skjól í skattaskjólum?

Milliverðlagning

Ef verðlagning og/eða skilmálar í viðskiptum milli tengdra lögaðila eða íslensks lögaðila og lögaðila í lágskattaríki eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum á milli ótengdra aðila skal meta og eftir atvikum leiðrétta verðlagninguna og ákvarða skattstofn eða skattstofna að nýju eftir því hvort verð reynist of- eða vanmetið.

Lög sett 2013 með gildistöku 1. janúar 2014.

Er skjól í skattaskjólum?

Lengri endurákvörðunarheimild skattyfirvalda

Heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar gjalda vegna eigna og tekna skattaðila í lágskattaríkjum hefur verið lengd úr 6 árum í 10 ár.

Nær til endurákvörðunar á grundvelli laga um tekjuskatt og virðisaukaskatt.

Sök í skattalagabrotum vegna tekna og eigna í lágskattaríkjum, annarra en stórfelldra brota sem varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, fynnist nú á 10 árum í stað 6 ára frá upphafi rannsóknar hjá SRS.

Frávikið á við um brot á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Lögin tóku gildi 24. október 2016.

Er skjól í skattaskjólum?

Þunn eiginfjármögnun

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda hjá félögum sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi lögfest 2016 og komu til framkvæmda í ársbyrjun 2017.

Tekur til vaxtagjalda umfram 100 m.kr. á ári greiddra til erlendra aðila.

Gjaldfærslan takmarkast við 30% af hagnaði skattaðilans.

Vaxtagjöld umfram það viðmið koma ekki til frádráttar, hvorki í skattskilum viðkomandi árs né síðari ára.

Með hagnaði í þessu sambandi er átt við EBITDA framlegð.

Er skjól í skattaskjólum?

CRS (Common Reporting Standard)


CRS er samræmdur staðall um skipti á fjárhagsupplýsingum milli landa.

Markmiðið með staðlinum er að koma í veg fyrir skattundanskot.

Upplýsingaskyldir aðilar samkvæmt staðlinum þurftu frá 1. janúar 2016 að auðkenna og aðgreina reikningshafa og raunverulega eigendur sem skattskyldir eru í erlendum ríkjum, fyrir utan Bandaríkin. (Þar gilda aðrar upplýsingaskiptareglur FATCA).

Fyrstu skil til RSK samkvæmt staðlinum fara fram 2017 vegna ársins 2016.

Er skjól í skattaskjólum?





Inngangur

Eignir Íslendinga á afgangssvæðum

Lagabreytingar og nýjar reglur 2009-2016

Næsta áfall í skattamálum hér á landi

Getum við dregið lærdóm af þessari skýrslu?

Íslenska ríkið missti af tugum milljarða í skattgreiðslur vegna þess að lagaumhverfið var mun vanþróaðra hér en í öðrum löndum.

Ör vöxtur ferðapjónustunnar setur svip sinn á hagþróun síðustu ára.

Er þessi vöxtur að skila sér að fullu í hagvexti hér heima fyrir og tekjuaukningu hins opinbera?

Í ljósi reynslunnar er það ágæt og almenn þumalfingursregla, ef ætlunin er að fyrirbyggja tjónið áður en það verður að veruleika, að best sé að beina sjónum frammar öðru að þeim greinum milliríkjaviðskipta þar sem virðisaukinn er mestur og vex hraðast hverju sinni.

Næsta áfall í skattamálum hér á landi ?

Er skjól í skattaskjólum?

Óskráð heimagisting

Áætlaður fjöldi óskráðra gistirýma		8.000
Meðalnýting á ári		70%
Seldar gistinætur á ári	365	2.044.000
Meðalverð á herbergi		15.000
Heildartekjur á ári		30.660.000.000
Virðisaukaskattur af tekjum	11%	3.372.600.000
Gistináttaskattur	300	613.200.000
Launakostnaður sem ekki er gerð grein fyrir	25%	7.665.000.000
Tryggingagjald	6,85%	525.052.500
Staðgreiðsla	18,0%	1.379.700.000
Áætlaðar tapaðar skatttekjur á ári		5.890.552.500
Ógreidd iðgjöld í lífeyrissjóði	12%	919.800.000



Takk fyrir



© 2016 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative.